

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag við Gagnheiði á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 8. nóvember 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna Gagnheiði 1, 3, 5, 7 og 9 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 8. júní og breytt 21. september 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 2. nóvember til og með 30. nóvember 2006 með athugasemdafresti til og með 14. desember 2006.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 27. desember 2006.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.